



Uppbyggingarsjóður Norðurlands vestra

Kostnaður og fjármögnun Leiðbeiningar vegna umsókna um menningarverkefni

Efnisyfirlit:

Almennt:.....	2
Söfn og setur – Stofn- og rekstrarstyrkur.....	3
Tónleikar.....	4
Kórar	5
Bæjarhátíðir – blönduð dagskrá	6
Sýningar – ljósmyndir – myndlist – annað	7
Leiklist – sviðslistir	8
Námskeið – Ráðstefnur – Málþing.....	9
Bækur/ritverk	10

Almennt:

1. **Úthlutunarreglur:** Lesið þær vel yfir í byrjun. Það getur sparað vinnu við umsóknina og leiðindi eftir á ef málin fara ekki á þann veg sem óskað var eftir.
2. **Vandið til verka:** Þessi þáttur í umsókninni – *Kostnaður og fjármögnun* - þarf að vera trúverðugur. Athugið að um leið eru umsækjendur að skipuleggja verkefnið frá a-ö og því er þessum tíma vel varið.
3. **Sundurliðið kostnað:** Ekki setja stórar tölur inn án útskýringa. Þær vekja spurningar en engin svör.
4. **Launakostnaður:** Munið að setja fjölda klst. x tímakaup eða fjölda mánaða x mánaðarlaun. Gleymið ekki launatengdum gjöldum ef um slíkt er að ræða.
5. **Ef kostnaðarliðir eru margir:** Setjið samtölur hvers þáttar í umsóknina sjálfa en látið fylgja með greinargóða sundurliðun í fylgiskjali.
6. **Fjármögnun:** Sama gildir um fjármögnun og í lið 5.
7. **Aðrir styrkir:** Teljið upp þá styrki sem eru í húsi. Sundurliðið þá styrki sem þið hafið sótt um en ekki fengið svar.
8. **Ekkert óhóf:** Athugið að vínveitingar, stórsteikur og annar „munaður“ telst ekki samþykktur kostnaður.
9. **Samstarfsaðilar:** Athugið að þeir sem fá greitt að fullu fyrir sinn þátt í verkefni eru launþegar/verktakar, ekki samstarfsaðilar. Ef þið eruð í vafa þá hafið samband við starfsmenn SSNV.
10. **Styrkhæfur kostnaður:** Gætið vel að því hvað telst styrkhæfur kostnaður og hvað ekki, sbr úthlutunarreglur sjóðsins. Hafið samband við starfsmenn SSNV ef þið eruð í vafa.
11. **Óvissuþættir:** Gætið þess að hafa fjármögnunina trúverðuga. Ekki þýðir að hafa t.d. liðinn *Aðrir styrkir/aðrar tekjur sem sótt hefur verið um* sem verulegan hluta af fjármögnuninni.
12. **Ef sótt er um styrk til hluta verkefnis:** Ef sótt er um ákveðinn þátt/hluta af verkefni þá þarf bæði að greina frá heildarkostnaði verkefnisins en einnig taka sérstaklega fram í hvaða þætti verkefnisins verið er að sækja um styrk til.
13. **Styrkupp hæðir sem sótt er um:** Athugið fyrri styrki sjóðsins til sambærilegra verkefna. Verið raunsæ í þeim upphæðum sem þið sækid um. Munið að hámarksstyrkur er 50% af kostnaði.
14. **Reikningar:** Munið að halda öllum útlögðum kostnaði til haga. Ef styrkir eru hærri en 500 þúsund þá þarf að skila afriti (skönnuðum) af reikningum með lokaskýrslu.
15. **Tímaskráning:** Það er skynsamlegt að halda skýrslu yfir unna tíma í verkefninu, bæði greidda og ógreidda. Sumir sjóðir hafa slíkar reglur og aðrir geta óskað eftir þessum upplýsingum.
16. **Leiðbeiningar:** Athugið að þessar leiðbeiningarnar eru ekki tæmandi heldur ófullkomnar eins og önnur mannanna verk. Allar ábendingar um það sem betur má fara eru vel þegnar.

Söfn og setur – Stofn- og rekstrarstyrkur

Kostnaður

- ✓ launakostnaður
laun og launatengd gjöld
- ✓ aðkeypt sérfræðiþjónusta
ef um slíkt er að ræða
- ✓ húsnæði
húsaleiga – viðhald húsnæðis – öryggisgæsla
– leyfisgjöld – rafmagn og hiti – tryggingar –
fasteignagjöld - hreinlætisvörur
- ✓ skrifstofa - tölvukerfi
ritföng – pappír – prentun - sími – póstur –
posi - bókhald og reikningsskil - afskriftir
- ✓ bifreiðakostnaður
aðkeyptur akstur-rekstur bifreiðar-bíla kaup
- ✓ vörukaup
minjagripir – drykkjarvörur og sælgæti o.fl.
- ✓ heimasíða og aðrir vefmiðlar
hýsing – viðhald - endurnýjun
- ✓ sýning
viðhald – endurbætur sýningar
- ✓ námskeið-fundir-ráðstefnur
ferðir – gisting – matur – dagpeningar
- ✓ námskeið sem stofnunin heldur
efni – kennsla – auglýsingar - húsnæði
- ✓ stofnkostnaður
nýframkvæmdir - nýir sýningarhlutir –
tölvukaup - húsgögn o.fl.
- ✓ félagsgjöld
árgjöld til ýmissa samtaka
- ✓ lán
afborganir - vaxtakostnaður
- ✓ markaðssetning-kynningarstarf
kostnaður við plaköt, dreifimiða, bæklinga,
auglýsingar í fjölmiðlum - kynningar o.s.frv.
- ✓ óvissuþættir
oft áætlað 5-10%
- ✓ verkefnisstjórn-undirbúningur-umsjón
skipulagning – áætlanagerð – ráðningamál –
frágangur o.s.frv. – fjöldi vinnustunda x
tímakaup

Fjármögnun

- ✓ aðgangseyrir - dvalargjöld
áætlaður fjöldi x verð
- ✓ styrkir – staðfest – sótt um
styrkir frá öðrum en Uppbyggingarsjóði
- ✓ vörusala
minjagripir – veitingar - önnur þjónusta o.fl.
- ✓ námskeið
þáttökugjöld – vörusala
- ✓ umboðslaun
ef um slíkt er að ræða
- ✓ auglýsingar-styrktaraðilar
auglýsingatekjur - önnur hlunnindi
- ✓ aðrar tekjur
ef um slíkt er að ræða
- ✓ vinnuframlag
vinnuframlag aðstandenda – sjálfboðavinna
- ✓ umsókn í Uppbyggingarsjóð
hámark 50% kostnaðar

Tónleikar

Kostnaður

- ✓ launakostnaður
laun og launatengd gjöld – ef svo er
- ✓ æfingahúsnæði
húsaleiga og annar tilheyrandi kostnaður - ef er – fjöldi æfinga x verð
- ✓ markaðssetning-kynningarstarf
kostnaður við plaköt, dreifimiða, auglýsingar í fjölmiðlum o.s.frv.
- ✓ húsnæði undir viðburði
húsaleiga og annar tilheyrandi kostnaður - ef er – fjöldi tónleika x verð
- ✓ útsetningar
ef slíkt þarf – fjöldi laga x kostnaður á lag
- ✓ tónlistarmenn-söngvarar
greiðsla til tónlistarmanna og söngvara fyrir æfingar og tónleika – sundurliðað
- ✓ hljóðkerfi-hljóðblöndun
bæði tæki og mannskapur - sundurliðað
- ✓ ljósakerfi-ljósastýring
bæði tæki og mannskapur – sundurliðað
- ✓ miðasala og dagskrá
hönnun, prentun og sala miða, armbönd, dagskrá (söngskrá) og mannskapur
- ✓ ferðakostnaður-akstur-gisting-matur
ferðakostnaður til og frá tónleikastað – á ekki alltaf við – sundurliðað
- ✓ gæsla á tónleikastað
á við stærri viðburði – fjöldi vinnustunda x tímakaup
- ✓ annar kostnaður
t.d. wc á stærri viðburðum - athugið að almennar veitingar til áheyrenda eru ekki styrkhæfar - STEF-gjöld
- ✓ óvissuþættir
oft áætlað 5-10%
- ✓ verkefnisstjórn-undirbúningur-umsjón
skipulagning – áætlanagerð – ráðningamál – frágangur o.s.frv. – fjöldi vinnustunda x tímakaup

Fjármögnun

- ✓ aðgangseyrir
áætlaður fjöldi x miðaverð
- ✓ styrkir – staðfest – sótt um
styrkir frá öðrum en Uppbyggingarsjóði
- ✓ auglýsingar – styrktaraðilar
auglýsingatekjur og kostnaðar auglýsingar – önnur hlunnindi
- ✓ vinnuframlag
vinnuframlag aðstandenda – sjálfboðavinna
- ✓ umsókn í Uppbyggingarsjóð
hámark 50% kostnaðar

Kórar

Kostnaður

- ✓ æfingahúsnæði
húsaleiga og annar tilheyrandi kostnaður
- ✓ húsnæði – tónleikar
húsaleiga og annar tilheyrandi kostnaður
- ✓ markaðssetning
kostnaður við plaköt, dreifimiða, auglýsingar í fjölmiðlum o.s.frv.
- ✓ kórstjóri og undirleikari
greiðslur til kórstjóra og undirleikara fyrir æfingar og tónleika
- ✓ tónlistarmenn-gestasöngvarar-kynnar ef um er að ræða

- ✓ útsetningar
ef slíkt þarf – fjöldi laga x kostnaður á lag
- ✓ miðasala og dagskrá
hönnun, prentun og sala miða, armbönd, dagskrá (söngskrá) og mannskapur
- ✓ annar kostnaður
tilfallandi kostnaður – athugið að almennar veitingar til áheyrenda eru ekki styrkhæfar
- ✓ óvissuþættir
oft áætlað 5-10%
- ✓ verkefnisstjórn-undirbúningur-umsjón skipulagning – áætlanagerð – ráðningamál – frágangur o.s.frv. – fjöldi vinnustunda x tímakaup

Fjármögnun

- ✓ aðgangseyrir
áætlaður fjöldi x miðaverð
- ✓ styrkir – staðfest – sótt um
styrkir frá öðrum en Uppbyggingarsjóði
- ✓ auglýsingar – styrktaraðilar
auglýsingatekjur og kostnaðar auglýsingar – önnur hlunnindi

- ✓ félagsgjöld
fjöldi kórmeðlima x árgjald
- ✓ vinnuframlag
vinnuframlag aðstandenda – sjálfboðavinna
- ✓ umsókn í Uppbyggingarsjóð
hámark 50% kostnaðar

Bæjarhátíðir – blönduð dagskrá

Kostnaður

- ✓ viðburðir
húsaleiga – hljóðkerfi – ljósakerfi - þrif
- ✓ skemmtikraftar
laun – akstur – veitingar - gisting
- ✓ skrifstofukostnaður
húsaleiga - sími – pappír – ritföng etc
- ✓ gæsla
löggæsla – landsbjörg o.s.frv.
- ✓ sjálfbóðaliðar
veitingar – akstur - vinna
- ✓ markaðssetning/kynningarstarf
kostnaður við plaköt, dreifimiða, bæklinga,
auglýsingar í fjölmiðlum o.s.frv.
- ✓ annar kostnaður
t.d. wc á stærri viðburðum - athugið að
almennar veitingar til áheyrenda eru ekki
styrkhæfar
- ✓ óvissuþættir
oft áætlað 5-10%
- ✓ verkefnisstjórn-undirbúningur-umsjón
skipulagning – áætlanagerð – ráðningamál –
frágangur o.s.frv. – fjöldi vinnustunda x
tímakaup

Fjármögnun

- ✓ aðgangseyrir
áætlaður fjöldi x miðaverð
- ✓ styrkir – staðfest – sótt um
styrkir frá öðrum en Uppbyggingarsjóði
- ✓ auglýsingar – styrktaraðilar
auglýsingatekjur og kostnaðar auglýsingar –
önnur hlunnindi
- ✓ vinnuframlag
vinnuframlag aðstandenda – sjálfbóðavinna
- ✓ umsókn í Uppbyggingarsjóð
hámark 50% kostnaðar

Sýningar – ljósmyndir – myndlist – annað

Hér er töluverður munur á hvort um er að ræða einkaaðila sem eru að sýna sín verk eða listsýningar á breiðum grundvelli.

Kostnaður

- ✓ húsnæði - sýningarrými
húsaleiga – þrif o.fl.
- ✓ listaverk
flutningskostnaður - tryggingar
- ✓ listrænt mat – val á verkum
ef auglýst er eftir verkum – matsnefnd -
sýningarstjóri
- ✓ ferðakostnaður
listamenn sem koma að – akstur – flug -
gisting - veitingar
- ✓ opnunarhátíð
veitingar – blóm - annað
- ✓ uppsetning listaverka
vinnulaun – annar kostnaður
- ✓ markaðssetning/kynningarstarf
kostnaður við plaköt, dreifimiða, boðskort,
bæklinga, auglýsingar í fjölmiðlum o.s.frv.
- ✓ óvissuþættir
oft áætlað 5-10%
- ✓ verkefnisstjórn-undirbúningur-umsjón
skipulagning – áætlanagerð – ráðningamál –
frágangur o.s.frv. – fjöldi vinnustunda x
tímakaup

Fjármögnun

- ✓ aðgangseyrir
áætlaður fjöldi x miðaverð - sjaldgæft
- ✓ styrkir – staðfest – sótt um
styrkir frá öðrum en Uppbyggingarsjóði
- ✓ auglýsingar – styrktaraðilar
auglýsingatekjur og kostnaðar auglýsingar –
önnur hlunnindi
- ✓ vinnuframlag
vinnuframlag aðstandenda – sjálfboðavinna
- ✓ umsókn í Uppbyggingarsjóð
hámark 50% kostnaðar

Leiklist – sviðslistir

Kostnaður

- ✓ handrit
höfundarlaun – fjölrítun handrits
- ✓ leikstjórn
laun leikstjóra – húsnæði - akstur
- ✓ æfingahúsnæði
húsaleiga - þrif
- ✓ lýsing
hönnun – perur – annar kostnaður
- ✓ tónlist
höfundarlaun – STEF-gjöld
- ✓ leikmynd
efni og vinnulaun
- ✓ sýningarhúsnæði
húsaleiga – annar kostnaður
- ✓ miðasala - leikskrá
posi - hönnun – umbrot – söfnun auglýsinga
- prentun
- ✓ veitingar
veitingar til leikhópsins á æfinga- og sýningartíma
- ✓ frumsýningar- og lokahóf
blóm – veitingar – annar kostnaður
- ✓ upptaka
ef um slíkt er að ræða – efni og laun
- ✓ markaðssetning/kynningarstarf
kostnaður við plaköt, dreifimiða, auglýsingar í fjölmiðlum o.s.frv.
- ✓ óvissuþættir
oft áætlað 5-10%
- ✓ verkefnisstjórn-undirbúningur-umsjón
skipulagning – áætlanagerð – ráðningamál – frágangur o.s.frv. – fjöldi vinnustunda x tímakaup

Fjármögnun

- ✓ aðgangseyrir
áætlaður fjöldi x miðaverð
- ✓ styrkir – staðfest – sótt um
styrkir frá öðrum aðilum en Uppbyggingarsjóði
- ✓ auglýsingar – styrktaraðilar
auglýsingatekjur og kostaðar auglýsingar – önnur hlunnindi
- ✓ vinnuframlag
vinnuframlag aðstandenda – sjálfboðavinna
- ✓ umsókn í Uppbyggingarsjóð
hámark 50% kostnaðar

Námskeið – Ráðstefnur – Málþing

Kostnaður

- ✓ húsnæði
húsaleiga - tæki
- ✓ launakostnaður
kennarar – fyrirlesarar – fundarstjórar o.s.frv.
- ✓ ferðakostnaður
akstur – matur - gisting
- ✓ efniskostnaður
misjafnt eftir því hvert tilefnið er – einnig
pappír- ritföng – möppur – barmmerki o.fl.
- ✓ Veitingar
fjöldi x verð – ef við á
- ✓ markaðssetning/kynningarstarf
kostnaður við plaköt, dreifimiða, auglýsingar
í fjölmiðlum o.s.frv.
- ✓ óvissuþættir
oft áætlað 5-10%
- ✓ verkefnisstjórn-undirbúningur-umsjón
skipulagning – áætlanagerð – ráðningamál –
frágangur o.s.frv. – fjöldi vinnustunda x
tímakaup

Fjármögnun

- ✓ þátttökugjöld
áætlaður fjöldi x verð – veitingar innifaldar
ef við á
- ✓ styrkir – staðfest – sótt um
styrkir frá öðrum aðilum en
Uppbyggingarsjóði
- ✓ auglýsingar – styrktaraðilar
auglýsingatekjur og kostnaðar auglýsingar –
önnur hlunnindi
- ✓ vörusala - veitingar
sala á efni og/eða veitingum – ef við á
- ✓ vinnuframlag
vinnuframlag aðstandenda – sjálfboðavinna
- ✓ umsókn í Uppbyggingarsjóð
hámark 50% kostnaðar

Bækur/ritverk

Hingað til hafa verið veittir styrkir til heimildaöflunar og ritunar en ekki til skáldsagna-/ljóðagerðar.

Hins vegar hafa styrkir til útgáfu verið óháðir efni.

Kostnaður

- ✓ heimildaöflun - ritun
klst. x tímakaup eða fjöldi mánaða x mánaðarlaun
- ✓ stærð bókar – stærð brots – fjöldi blaðsíðna – kápa
mikilvægt að þessar upplýsingar komi fram – hér er oft um áætlun að ræða
- ✓ teikningar/myndir
á ekki alltaf við en sjálfsagt að taka fram ef kostnaður er við þennan þátt
- ✓ hönnun/umbrot
hver hannar/brýtur um verkið – áætla þarf kostnað við það
- ✓ prófarkalestur
ef við á – fjöldi vinnustunda x tímakaup
- ✓ prentkostnaður
nauðsynlegt að miðað sé við (óformlegt) tilboð frá prentsmiðju
- ✓ markaðssetning
sími, akstur, póstkostnaður
- ✓ annar kostnaður
ef við á – t.d. akstur, húsnæði (stærri verkefni) – útgáfuteiti o.fl.
- ✓ óvissuþættir
oft áætlað 5-10%
- ✓ verkefnisstjórn-undirbúningur-umsjón
áætlið tíma í þennan þátt - fjöldi vinnustunda x tímakaup

Fjármögnun

- ✓ sölutekjur
áætlið nettó sölutekjur fyrsta árið
- ✓ auglýsingar
ef auglýsingar eru í ritinu
- ✓ styrkir – staðfest – sótt um teljið upp aðra styrki til ritsins ef þeir eru
- ✓ vinnuframlag
vinnuframlag aðstandenda – sjálfboðavinna
- ✓ umsókn í Uppbyggingarsjóð
hámark 50% kostnaðar